



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Á fundi borgarráðs þann 21. september 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig Reykjavíkurborg hyggst bregðast við niðurstöðum skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sinfóníuhljómsveitar Íslands þegar kemur að kvörtunum um einelti og ofbeldi svo og ferli um viðbrögð við einelti og ofbeldi. Það þarf að endurmeta og skýra hlutverk meðal annars og spyr fulltrúi Flokks fólksins hvort Reykjavíkurborg muni taka þátt í þeirri vinnu? Reykjavíkurborg er ein af rekstraraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, með 18% hlut. Stjórn og framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands óskuðu í byrjun þessa árs eftir að Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á hljómsveitinni. Meðal niðurstaðna er að í hljómsveitinni hefur starfsfólk liðið ofbeldi og kynþáttafordóma. Upplifanir um vanvirðingu, fordóma kynferðisofbeldi og fleira af því tagi er lýst í skýrslunni.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 27. september sl.

#### **Svar:**

Samkvæmt 11. gr. Tónlistarlaga nr. 22/2023 er Sinfóníuhljómsveit Íslands sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Sinfóníuhljómsveitin telst til A-hluta ríkissjóðs og er sú starfsemi að stærstum hluta fjármögnuð af skatttekjum ríkissjóðs. Fram kemur að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé í eign íslensku þjóðarinnar. Nánar er fjallað um starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands í reglugerð nr. 1205/2020 sem byggir á fyrri lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands nr. 36/1982. Reykjavíkurborg leggur fram 18% af rekstrarkostnaði hennar á móti ríkinu og skipar einn fulltrúa í fimm manna stjórn í samræmi við 9. gr. laganna. Fram kemur í skýrslu stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar (bls. 11) að Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur hvorki verið skilgreind sem hlutafélag né sjálfseignastofnun og hefur hún í ríkisreikningi og við framkvæmd fjárlaga verið meðhöndluð eins og ríkisstofnun í A-hluta í samræmi við ákvæði laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þá er enginn formlegur samningur í gildi á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Reykjavíkurborgar. Eigandastefna Reykjavíkurborgar nær ekki til Sinfóníuhljómsveitarinnar þar sem um sjálfstæða stofnun er að ræða sem heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneytið. Í ljósi framangreinds mun



Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg ekki bregðast formlega við niðurstöðum skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hins vegar er tekið undir ábendingar Ríkisendurskoðunar í stjórnsýsluúttektinni sem beint er til menningar- og viðskiptaráðuneytis og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig er mikilvægt að gerður verði formlegur samningur á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Reykjavíkurborgar.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari